

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Hafnarbraut 4-6, breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 17. ágúst 2022 breytingu á deiliskipulagi Hafnarbrautar 4-6.

Helstu breytingar eru að byggingarreitir lóða við Hafnarbraut 4 og 6 stækka og verða samtengdir. Heimild verður fyrir þriggja hæða byggingu og kjallara á lóð nr. 6 og allt að tveggja hæða viðbyggingu og kjallara á hluta lóðar nr. 4. Gert er ráð fyrir um 20 bílastæðum í kjallara.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 30. september 2022.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 14. október 2022